

**Mál nr. 265/2014****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skyldu vátryggingafélags til greiðslu læknisvottorðs.****Gögn.**

137. Málskot, móttækið 27.8.2014, ásamt fylgigögnum.

138. Bréf X, dags. 25.9.2014, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 4.12.2013 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók. Hún leitaði til heimilislæknis á heilsugæslustöð 6.12.2013 og 6.1.2014. Í læknisvottorði eftir síðari heimsóknina segir að M hafi ekki verið slæm í byrjun en versnað svo. Stífleiki hafi verið í hálsi og verkur hafi verið niður herðar og og fram í hægri öxl og niður hægri handlegg. Hún hafi sjálf verið að hreyfa sig og tekið bólgueyðandi lyf, en það ekki dugað til. Einnig hafi hún verið að finna fyrir slæmu tannkuli og farið til tannlæknis sem hafi sent hana til rötarsérfræðings. Hún hafi verið rannsökuð af honum og hann talið hana undirlagða af bólgum í vöðvum á hálsi og kjálka og bitvöðvum eftir slysið. Var M ráðlagt að fara í sjúkraþjálfun og fékk hún beiðni þar um.

Hún leitaði einnig til bæklunarskurðlæknis og kom til skoðunar hjá honum 9.4.2014. Í vottorði læknisins, dags. 4.6.2014, segir m.a. að M hafi verið að snúa sér í bílnum og þá fundið fyrir miklum verkjum út í hægri hendi. Verki leiði út í báðar hendur og verkir komi fram í andlitsbein og þurfi nálarstungur til að minnka verki. Henni hafi batnað heldur í andlitinu, en verki leiði niður hendi og að olnbogum báðum megin „radialt“ eða þumalfingursmegin.

Hinn 9.5.2014 kom M til skoðunar hjá B, heila- og taugaskurðlækni. Fyrir liggur læknisvottorð hans, dags. 17.6.2014, sem er sagt skrifað að ósk lögmanns M. Í vottorðinu er lýst þeirri lækni meðferð sem M hafði fengið eftir slysið hjá heimilislækni, tannlækni og sjúkraþjálfara auk þess sem gerð er grein fyrir því sem fram kom við skoðun hjá bæklunarskurðlækninum. Þá er vikið að fyrra heilsufari M, námi störfum og félagsstörfum hennar, heilsufarslegu ástandi hennar við skoðunina auk þess sem fram kom við líkamsskoðun. Undir lok vottorðsins í kafla undir fyrirsögninni „Samantekt og niðurstaða“ segir svo: „[M] sem hefur eldri sögu um tímabundin óþægindi í hálsi og herðum fær slæman hálshnykk við aftanákeyrslu í desember síðastliðnum. Þrátt fyrir umtalsverða meðferð er hún með stöðug einkenni frá hálsi, kjálkum, herðum og efsta hluta brjósthryggjar.“ Loks er í vottorðinu svarað tveimur spurningum lögmanns. Annars vegar hverjar séu afleiðingar slyssins og er svar B að afleiðingarnar séu slæmur hálshnykkur. Hins vegar hverjar framtíðarhorfurnar séu. Því svarar B að þrátt fyrir umtalsverða meðferð hafi á hálfu ári einungis tekist að milda einkennin.

M hefur farið þess á leit að X sem ábyrgðartryggjandi A greiði kostnað vegna læknisvottorðs B að fjárhæð 70.000 krónur samkvæmt fyrirliggjandi reikningi. X hefur hafnað að greiða kostnað þennan.

**Álit.**

Kostnaður tjónþola við öflun gagna til að sýna fram á bótaskyldu þess er hann krefur um bætur og fjárhæð bóta áður en dómsmál er höfðað telst til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er þá um að tefla öflun gagna sem nauðsynleg eru í þeim tilgangi að sýna fram á bótaskyldu og umfang tjóns. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi leitað til B samkvæmt tilvísun frá öðrum lækni, svo sem heimilislækni sínum. Af fyrirliggjandi læknisvottorði B verður ekki ráðið að M hafi gengist undir læknisrannsóknir eða verið til læknismeðferðar hjá B vegna sjúkdómseinkenna af völdum slyssins. Þá sér þess heldur ekki stað í vottorðinu að fjallað sé um áverka þá sem M hlaut í slysinu umfram það sem fram kemur í öðrum vottorðum sem fyrir liggja í málinu. Að öllu virtu hefur M ekki sýnt fram á nauðsyn þess að afla læknisvottorðs hjá B. Kostnaður M vegna vottorðsins fæst því ekki bættur úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

**Niðurstaða.**

Kostnaður M vegna læknisvottorðs B bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.